

*Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 27. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Í þóknanlegu brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer herra landshöfðingi sökum fyrirspurnar hins frakkneska varakonsuls í Reykjavík skotið því undir úrskurð ráðgjafans, hvort greiða skuli gjald, samkvæmt tilskipun frá 26. febrúar 1872, af vínföngum þeim, er koma með fiskiskipum til hinna frakknesku herskipa, og fyrst um sinn eru geymd í vöruhúsi hinnar frakknesku stjórnar í Reykjavík, svo að þau síðan verði smámsaman afhent skipunum, og skýrið þjer frá, að álik spurning geti komið fram með tilliti til hins danska herskips.

Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ef hlutaðeigandi herskipsstjóri og þeir, er taka við vörum þeim, sem til bráðabirgða eru fluttar í land, brjeflega lýsa yfir því, að vörurnar sjeu ætlaðar handa hlutaðeigandi skipum einum og þess vegna aptur munu verða fluttar út, skal ekki heimta gjald eptir tilskipun frá 26. febrúar 1872 af slíkum vörum; og má hjer vísa til fyrirmælanna í 2. grein tilskipunarinnar, sem ákveður, að eigi skuli greiða gjald af víni m. m., sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum».

Þetta kynnist yður, herra bæjarfógeti til leiðbeiningar og eptirbreytni og birtingar fyrir hinum frakkneska varakonsúli.

*Brjef landshöfðingja (til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu).*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 26. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Með þóknanlegu brjefi frá 20. maí síðastl. hefur herra landshöfðinginn sent erindi, þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sökum peningaeklu þeirrar, sem þar er, fer því á flot, að ráðgjafinn hlutist til um, að þessum vandræðum verði afstýrt, með því að útvegað verði verzlunarfjelaginu, «Grafarós-fjelagi», 10,000 króna lán í nýjum peningum þannig, að þessi upphæð greiðist fulltrúa fjelagsins Jóni A. Blöndal, meðan hann dvelji í Kaupmannahöfn og gegn því, að hann fyrir hönd fjelagsins skuldbindi sig til að endurborga lánið innan ársloka; en 11 af mönnum þeim, sem eru í nefndu fjelagi, hafa með brjefi tjáð sig fúsa til að ábyrgjast skuldina.

Herra landshöfðinginn hefur álitid, að ástæða væri fyrir stjórnina til að reyna að ráða bót á peningaeklu þeirri, er getið var, en þjer hafið ekki getað lagt það til, að þetta verði á þann hátt, sem bedið hefur verið um, og hafið þjer einkum getið þess, að það geti ekki verið rjett að styrkja verzanir, hverjar sem þær eru með lánnum úr landssjóði, og að það, hvað sem öðru liður, með engu móti sje nauðsynlegt að senda upphæð þá, sem getið var um, út hjeðan, þar sem nóg sje til af reiðum peningum í jarðabókarsjóðnum. Þjer hafið þesa vegna lagt það til, að yður verði veittur myndugleiki til að láta á þessu vori annaðhvort sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu, eða nokkra íbúa þessarar sýslu, er af eigin hvötum ganga í nefnd til þess, fá hina nefndu upphæð sem lán af reiðum peningum hjálparsjóðsins gegn 4% árlegum vöxtum og löglegu veði í fasteign, og gegn því, að allt lánið endurborgist skadlaust innan 1 árs, eptir að það var goldið hluttaköndum úr landssjóði. Fyrir því skal til leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að eins og ráðgjafinn er yður samþykkur í því, að ekki sje nægileg ástæða til að veita nefndu verzlunarfjelagi lán það, er sótt hefur verið um, þannig verður einkum nú, þegar hið fjárveitandi alþing er að koma saman, að álíta það óráðlegt að verja peningum hjálparsjóðsins, eins og þjer hafið lagt til, og það þess heldur, sem eigi verður sjeð, þrátt fyrir það, hvað upphæðin er mikil, að með slíkri ráðstöfun verði til lengdar afstýrt vandkvæðum þeim, sem hafa verið tekin fram. Að öðru leyti býst ráðgjafinn við síðan að fá skýrslu um ástand sýslunnar».